N

NV NA V A SV SA S

# BYGGINGALÝSING OG GREINARGERÐ HÖNNUÐA

| | |
|---|---|
| Landnúmer: | 231848 |
| Matshluti: | 01 og 02 |
| Staðgreinir: | 8721-1-37200070 |
| Hlutverk: | **Sumarhús / frístundahús** |
| Erindi: | Nýbygging |

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
15. des. 2021
Byggingarfulltrúi




**Deiliskipulag**
1 : 2000

**a. Almennt:**
Götuheiti: Hvammsholt 7, Reykholt í Biskupstungum

**b. Notkun:**
Um er að ræða sumarhús **(Mhl.01)** á einni hæð með anddyri, hjónaherbergi, svefnherbergi, eldhúsi, borðstofu, geymslu, baðherbergi og eldhúsi. Svo verður eitt gistihús **(Mhl.02)** með anddyri, herbergi og salerni.

Byggingarnar verða í notkunarflokki 3 - skv. gr 9.1.3, BR 112/2012

**c. Helstu stærðir:**

**Hvammsholt 7**

| | Brúttó m² | Brúttó m³ |
|---|---|---|
| Botnflötur: | | 35,0 m³ |
| 01-0101 Sumarhús (Mhl.01): | 149,9 m² | 590,5 m³ |
| 02-0101 Gestahús (Mhl.02): | 25,0 m² | 70,7 m³ |
| Samtals: | 174,9 m² | 696,2 m³ |

**d. Stærð lóðar, nýtingarhlutfalli:**

| | |
|---|---|
| Stærð lóðar heild: | **6200 m²** |
| Nýtingarhlutfall heild (A rými): | **0.028** |
| Nýtingarhlutfall heild A + B rými: | **0.030** |

Fjöldi bílastæða: 3 til 6 bílastæði á lóð
*Gert er ráð fyrir rafhleðslu

**e. Burðarvirki:**
Allar undirstöður eru úr járnbentri steinsteypu (staðsteypt).
Burðarvirki gólfplata er staðsteypt með ásteypulagi (til afréttingar).
Allir burðaveggir á 1.hæð eru hefðbundnir 45x145mm timbur veggir, T1 burðaviður (heflað).
Burðarvirki á þaki er hefðbundið krossloftað 45x220mm sperru þak, T1 burðaviður (heflað).
*Sperrur hvíla svo ofan á burðaveggjum og festast saman upp að mæni. Möguleiki á límtrés eða burðabita við mæni sem heldur upp þakinu.

**f. Utanhússfrágangur og litaval:**
**Útveggir:**
Útveggir eru klæddir með loftræstri (25mm lektur) timburklæðningum (fl.1) með gráum viðarlit og álklæðningum (álundir kerfi) í svörtum lit.

**Þak:**
Þak er sperru þak (uppbygging= heit þak) með vatnshalla 13,9° og 24,4° yfirborð verður með tvöföldum ábræddum viðurkenndum þakpappa. Í sumarhúsi verður vatnshalli á sperrum 1:40.

**Gluggar og hurðir:**
Allir gluggar og hurðir eru hefðbundnir ál/timbri EÐA ál/ál og glerjað með tvöföldu gleri, litur dökkur. Allt gler sem nær niður að gólfi eða minna en 600mm uppi gler skal það vera öryggisgler og uppbygging (Hert og/eða samlímt) aðlöguð aðstæðum.

**g. Handrið:**
Ef handrið verða byggð í kringum verönd þá skal handrið uppfylla kröfur bygginarregerðar gr. 6.5.4 í br. 112/2012 með síðari breytingum.

Handrið á útisvæðum skulu vera a.m.k 0.9 metrar.

**h. Einangrun, heildarleiðnitap og heildarorkuþörf:**
**U-gildi einstakra byggingarhluta uppfylla ÍST 66:**

| | |
|---|---|
| - sperru þak | kólnunartala U (W/m²K) = 0,20 |
| - útveggir ein. að innan | kólnunartala U (W/m²K) = 0,30 (léttir veggir) |
| - botnplata | kólnunartala U (W/m²K) = 0,30 |
| - gluggar k-gler | kólnunartala U (W/m²K) = 1,4 |
| - hurðir | kólnunartala U (W/m²K) = 1,5 |

| | |
|---|---|
| - vegið meðaltal útveggir, gluggar og hurðir | 0,66 w/m² °k |
| - heildarvarmatap á m² húss | 0,89 w/m² °c |

**EINANGRUN:**
Botnplata er einangruð með 24kg/m³ 100mm einangrunarplasti, veggir sökkla eru einangraðir 500mm niður fyrir plötu með 75 mm einangrunarplasti. Útveggir eru einangraðir með 145mm veggsteinullar einangrun milli stoðir. Sperru þak er einangrað með 200mm þéttull m/vindpappa. Í gluggum er tvöfalt einangrunargler, 12 mm loftrúm í föstum gluggum en 9 mm loftrúm í opnanlegum fögum og hurðum. Uppfylla skal ÍST - 66 varðandi kólnunartölur og einangrun einstakra byggingarhluta.

**i. Innanhússfrágangur:**
Klæðningar innanhúss eru a.m.k. í flokki 2.

**Innveggir:**
Innveggir eru úr blikkgrindum klæddir með tveimur lögum af 12,5 mm gifsklæðningu beggja vegna EÐA sambærilegu.
Í votrýmum eiga að koma vatnsvarðar gifsplötur EÐA flísar.

**Innihurðir:**
Eru hefðbundnar timburhurðir.
Hindrunarlaus umferðarbreidd allra útidyra byggingar skal vera minnst 0,83 m og hæð minnst 2,07 m
hindrunarlaus umferðarbreidd allra dyra innanhúss skal vera minnst 0,80 m og hæð minnst 2,00 m

**Stigar:**
Ef tröppur verða byggðar upp á verönd þá skal hafa:
Gönguhlutfall útistiga er uppstig 150mm, framstig 300mm og ekkert innskot.

**Gólfefni:**
Á gólfum er slípuð steypa nema í votrými sem eru eingöngu flísalögð.

**Loft:**
Loft eru spörtluð og máluð (fer eftir efnisval) svo niðurtekin í nokkrum rýmum

**j. Hvort innan byggingarinnar séu kerfisloft og uppbyggð gólf eða kerfisgólf o.þ.h.**
Engin kerfisloft, uppbyggð gólf eða kerfisgólf eru innan byggingarinnar.

**k. Lagnir:**
Gólfniðurföll verða í öllum votrýmum, GN merking á grunnmyndum.
Inntök veitna (hita og neysluvatns) verða með aðgang utan frá (lúga á útvegg). Inntaks rými er inni geymslu / þvotta herbergi (raflagnir)

**Frárennsli:**
Gert er ráð fyrir tveggja þrepa hreinsun frárennslis. Frárennsli skal fara í rotþró.
Frágangur við rotþró er skv. heilbrigðisreglugerð og leiðbeiningum frá umhverfisstofnun
´´Leiðbeiningar um rotþræer og siturlagnir´´ Stærð á rotþró = 3600 L (11 til 18 manns)

*Frárennsli af þaki og af potti fara í grjót púkk, sjá afstöðumynd.

**Neysluvatn:**
Neysluvatnskerfi er hefðbundið neysluvatnskerfi.
Varmaskiptir skal vera á neysluvatnskerfi sem tekur hitan niður í 60-65°C

Tryggja skal að vatn fari ekki að töppunarstað með hærra hitastig en 60°C

**Hitakerfi:**
Hitakerfi er gólfhiti sem er ísteyptur inn í gólfplötu.
Helstu lagnaleiðir eru rör í rör í innveggjum og sérstökum lagnastokkum, upphitun er með gólfhita og ofnakerfi. Rörin eru úr polypropylene (PP) sem er 100% endurvinnanlegt og hefur enga hættu á útskolun skaðlegra efna. Frárennsli hitaveitu skal fara í regnvatnslögn og hámarkshitastig þess skal ekki vera hærra en 20°C.

**Loftræsing:**
Öll rými eru náttúrulega loftræst um opnanleg fög þar sem það er hægt, önnur rými verða vélræent loftræst. Vélræn loftræsing (VLR) er í eldhúsi, (LR) baðherbergi (sjá grunnmyndir).

**Raflagnir:**
Raflagnir verða hefðbundar einnig verður bruna- og öryggiskerfi í húsinu.

Raflagnahönnun skal uppfylla staðla ÍST 150 og ÍST 200.

**l. Brunavarnir:**
Klæðningar ekki lakari en í flokki 2

BO = björgunarop úr gistirýmum (600x900mm) stærðir skv. BR112/2012
ÚTG. = flöttaleið um hurð
R = reykskynjurum skal komið fyrir í alrými og gistirýmum
ST = slökkvitæki- dufttæki (ABC) og eldvarnarteppi í eldhúsi
Arinn = Frágangur arins skal vera skv. 9.6.5 og 9.6.6 reglugerðar nr. 112/2012

Reykskynjarar eru 2 stk. á hæð og í öllum gistirýmum- sjá grunnmyndir.
- handslökkvitæki verða sett upp í samráði við eldvarnareftirlitið
- eldstæði og reykháfur skulu uppfylla viðeigandi kröfur í byggingarreglugerð, reglugerð um eldvarnir og leiðbeiningar brunamálastofnunar

* Innihurð að þvottahúsi skal vera merkt með handslökkvitækjamerki
**Auðkenni um staðsetningu frístundahúsa sem gefa má upp til neyðarlínu skal vera utandyra á útvegg.

**Brunahólfun**
Það er ekkert brunahólf í þessari byggingu.

**Brunaviðvörunarkerfi**
Húsin verða með hefbundna reykskynjara sem brunaviðvörun.

**Reyklosun**
Reyklosun er um glugga og hurðir.

**Aðkoma slökkviliðs**
Aðkoma slökkviliðs er frá Hvammsholti

**m. Hljóðvist:**
Ekki er um neinar sérstakar kröfur í deiliskipulagi svæðisins.
Byggingin skal hönnuð samkvæmt ÍST45:2016 í flokki C.
Lámark milli íbúða skal hljóðvistin vera a.m.k 55dB R'w.

**n. Öryggisbúnaður:**
Byggingin verður búin hefðbundnu öryggiskerfi fyrir innbrot.

**o. Tæknibúnaður:**
Ekki er um neinn tæknibúnað að ræða í húsinu fyrir utan hefðbundin innbrotavarnir.

**p. Aðgengi og algild hönnun.**
Byggingin er hönnuð í samræmi við kröfur sem gildir fyrir þá notkun sem byggingin er ætluð fyrir. Hönnun er í samræmi við gildandi byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Leitast er við að fylgja reglum um algilda hönnun með því að:

Hámarks hæð þröskuldar við útihurðir er 25mm.
Á inngangs-/útihurðum og brunahólfandi hurðum á pumpum skal hámarks átak við opnun verða 25 N á handfangi og hámarks þrýstingur/tog vera 40 N.
Umferðarbreidd hurða inní byggingu skal vera min. 0,83 m.
Umferðarbreidd hurða innan byginngar skal vera min. 0,80 m.
Hindrunarlaus leið skal vera frá bílastæðum fyrir hreyfihamlaðra að aðalinngangi byggingar.
Ef steypt plan verður að inngangi þá skaæ gera ráð fyrir snjóbræðsla.

**q. Frágangur lóðar.**
Aðkoma að byggingunni er um Hvammsholt 7.
Gert er ráð fyrir því að vera með timburverönd sem er fest ofan á steypta hólka.
*nánari útfærsla á lóð ákvarðast í samráði við hönnuð lóðarinnar sbr. deiliskipulagi

**r. Meðhöndlun sorps og meðferð hættulegra efna.**
Ekki er gert ráð fyrir svæði undir sorpgáma. Lóðarhafi skal sjá um að koma sínu sorpi í gáma á vegum sveitarfélagsins í grenndinni (Gamar eru í Reykholti).

**s. Sértækar aðgerðir.**
Ekki er um að ræða neinar sértækar aðgerðir í þessari byggingu.

**T. Rakaþétting.**
Einangrun veggja og þaks munu tengjast þannig að ekki myndist kuldabrýr.
Einangrun er heil og óslitin frá vegg og í neðri brún sökkla.
Rakavarnarlag er að innan timbur burðargrindur.

**Gestahús:**
**EF** baðkar verður uppsett í svefnherbergi: gæta þarf aukið rakaálag á þessu svæði við nær liggjandi byggingarhluta. Sami frágangur eins og er í votrýmum á að vera gerður.

**Afstöðumynd**
1 : 500

| Útg. | Dags. | Skýring | Br.af: |
|---|---|---|---|
| A | 09.12.2021 | Byggingarnefndarteikning útgefin | JBB |

**Verkheiti:**
**Hvammsholt 07**
Nýbygging sumarhús
Reykholt í Biskupstungum

20220240

**Verkhluti:**
Afstöðumynd og byggingarlýsing

| | |
|---|---|
| **Teikninganúmer:** | **0.01.00** |
| **Verknúmer:** | **21611** |
| **Staðgreinir:** | **8721-1-37200070** |
| **Landnúmer:** | **L231848** |
| **Matshluti:** | **01 og 02** |
| **Mælikvarði:** | **As indicated** |
| **Aðalhönnuður / Hönnunarstjóri:** | **HK** |
| **Teiknað:** | **JBB** |
| **Yfirfarið:** | **JBB** |
| **Dagsetning:** | **09.12.2021** |
| **Útgáfa:** | **A** |
| **Samþykkt:** | Hallur Kristmundsson |

ARKÞING | nordic
HALLARMÚLI 4 - REYKJAVÍK 570 5700 - arkthing@arkthing.is - www.arkthing.is

| | | |
|---|---|---|
| SIGURÐUR HALLGRÍMSSON, | 170753-3139 | ARKITEKT |
| BIRKIR ÁRNASON, | 200787-3159 | BYGG.FR. |
| HALLUR KRISTMUNDSSON, | 220573-3899 | BYGG.FR. |
| HELGI MAR HALLGRÍMSSON, | 210279-3429 | ARKITEKT |


HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI